

Dags. 18. desember 2008

Sáttargerð vegna brots á 125. og 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 9. september 2008 gerðu Fjármálaeftirlitið og Örn D. Jónsson, fyrrverandi varamaður í stjórn Nýherja hf., með sér sátt vegna brots á 125. og 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Örn D. Jónsson við því að hafa þann 8. maí 2008 brotið gegn 125. og 126. gr. vvl. með því að hafa átt víðskipti með 54.000 hluti í Nýherja án þess að sinna þeim skyldum er á honum hvíldu sem fruminnherja samkvæmt nefndum lagaákvæðum.

Í 125. gr. vvl. er kveðið á um skyldu fruminnherja til að ganga úr skugga um að ekki liggi fyrir innherjaupplýsingar hjá útgefandanum, áður en hann á víðskipti með fjármálagerninga í útgefanda sem hann er fruminnherji í (rannsóknarskylda). Í 126. gr. vvl. er kveðið á um skyldu fruminnherja til að tilkynna regluverði útgefanda áður en hann á víðskipti með fjármálagerninga í útgefandanum. Fruminnherji skal með sama hætti tilkynna án tafar hafi hann átt víðskipti með fjármálagerninga útgefandans (tilkynningarskylda).

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leiti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 200.000.